

Sérstakur stýrihópur hefur umsjón með sjálfsmati

Útskýring á sjálfsmatskerfinu „ How good is our school ”

Þegar farið var að leita að fyrirmynd að góðu sjálfsmatskerfi í FSu rákust menn á skoskt kerfi sem vitað var að skagfirskir grunnskólar höfðu verið að nota og höfðu staðfært. Kerfi þetta heitir „ How good is our school “ og byggir það á því að meta sem flesta þætti skólustarfsins með hjálp gæðagreina. Skagfirska skólaskrifstofan sótti um leyfi til skoska menntamálaráðuneytisins og barst svar um hæl, m.a. eftirfarandi: *“Permission is granted for you to use parts of the publication as you wish, however, where this is done it must be accompanied by a mention of the source (i.e. adapted from “How good is our school? Self-evaluation using performance indicators: Scottish Office Education Department, HMI Audit Unit. September 1996)”*.

Það var auðsótt mál að fá að nota kerfið fyrir Fjölbautaskóla Suðurlands og hefur verið unnið að því að tengja það við námskrá skólans og meta þá þætti sem krafist er samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

„ **How good is our school** “ er hugsað til að hjálpa starfsmönnum skóla við að meta gæði starfsins í skólanum.

Gæðagreinar eru notaðir sem hjálpartæki við að:

- finna sterkar hliðar
- finna þætti, þar sem leggja þarf áherslu á að viðhalda gæðum eða auka þau
- gera þróunaráætlanir í framhaldi af því
- gefa til kynna gæði skólans

Matið byggir á þremur grundvallarspurningum:

Hvernig stöndum við okkur?

- skoðað er hvernig skólinn stendur sig, með tilliti til þeirra markmiða, sem sett hafa verið.
- gefur til kynna hvernig sjálfsmat getur hjálpað okkur.

Hvernig vitum við það?

- notaðir eru *gæðagreinar* til að mæla hvernig við stöndum okkur í *lykilþáttum*.
- hverjum lykilþætti er skipt niður í ákveðna gæðagreina sem er skipt í ákveðin þemu sem síðan eru metin

Hvað gerum við næst?

- hvernig getum við gefið skýrslu um það sem við nú vitum um gæði starfsins í skólanum okkar, og hvernig vinna má áfram með þær upplýsingar.

Nánari útskýringar

Hvernig stöndum við okkur?

Skilgreiningar á *gæðum* í skólastarfi breytast með samfélaginu. Skólar bera ábyrgð gagnvart samfélaginu og um leið veltum við fyrir okkur:

- þörfum nemenda okkar og samfélagsins sem við þjónum.
- ráðleggingum, bæði heimamanna og á landsvísu.
- skýrslum og greinum um rannsóknir á námi og kennslu.

Góður skóli (starfsfólk, skólanefnd) veit:

- hver markmið hans eru.
- hvort hann nær settum markmiðum.
- hverju þarf að halda í horfinu eða bæta.
- hvort breytingar þjóna tilgangi sínum.

Sjálfsmat skóla snýst um að spyrja okkur sjálf, til dæmis þessa:

- Hvernig stöndum við okkur í þessum skóla?
- Hvernig stöndum við okkur í þessum hópi?
- Hvernig stöndum við okkur í þessari deild?
- Hvernig stöndum við okkur í þessum hópi kennara/starfsfólks?

Í sjálfsmatinu felst:

- *skimun* yfir frammistöðu í því er kallast mega **lykilþættir**, sem eru:
 - Um skólann
 - Námið
 - Starfsfólk
 - Þjónusta
 - Samstarf
 - Saga og þróun
- *nánari skoðun* á þáttum, sem koma sérlega vel út, eða valda áhyggjum.

Ástæður nánari skoðunar gætu verið:

- eitthvað sem kom í ljós þegar verið var að *skima*.
- reglubundinn þáttur í sjálfsmati skólans.
- forgangsröðun, e.t.v. byggð á samstarfi skóla í héraði eða sjónarmiðum atvinnulífsins.
- væntingar í sveitarfélaginu eða þjóðfélaginu.
- væntanlegt ytra mat.

Með því að skoða alla **lykilþættina** í *allmörg ár* og nota skýr viðmið, getur skólinn áttað sig á, hvað þarf að bæta og hverju að halda í horfinu.

Til að átta okkur á frammistöðunni, þurfum við að gera áætlun sem:

- ýtir undir skilvirkni náms og kennslu.
- tryggir að fylgst sé með breytingum af þeim, sem tóku ákvörðun um þær.
- hjálpar til við að setja raunhæf viðmið varðandi forgangsröðun, markmiðssetningu og tímasetningar.

- hvetur til hámarksnýtingar á ráðstöfunarfé skólanna.

Gerð verður þróunaráætlun með áherslum á markmið, endurskoðun og framkvæmd. Sjálfsmat samfara gerð þróunaráætlunar stuðlar að auknum gæðum.

Hvernig vitum við það?

Við getum metið frammistöðu okkar með því að bera árangurinn saman við þau markmið, sem sett eru fram í stefnu/námskrá skólans. Til þessa hefur – eðlilega – oftast verið litið til einkunna og sýnilegs afraksturs vinnu í hópunum. En skoða þarf árangurinn í víðara samhengi. Þetta má gera með því að nota *gæðagreinana* samhliða öðrum viðmiðum, t.d. einkunnum.

Gæðagreinar meta yfirleitt þá þætti, sem hafa áhrif á námsárangur nemenda og skólinn getur haft áhrif á. Þeir:

- hjálpa okkur að mæla árangur með tilliti til ákveðinna viðmiða.
- benda á þætti, sem þarfnast nánari skoðunar.
- hjálpa yfirmönnum skólans að taka ákvarðanir varðandi sterkar og veikar hliðar í skólastarfinu.

Gæðagreinana má nota

- við mat á skólanum sem heild.
- til að aðgreina einstaka þætti þegar verið er að skoða árangur.
- til að skapa heildarmynd af skólanum með gerð þróunaráætlunar í huga.
- til að fylgja þróunaráætlun eftir.
- til að líta nánar á atriði, sem upp hafa komið.
- til að meta gæði einstakra þátta.

Það, að nota sömu meginviðmið alls staðar, hjálpar til að tryggja að samræmi sé í allri umfjöllun um árangur nemenda og skólastarfs. Skólayfirvöld og starfsfólk skóla geta notað *gæðagreinana* við mat á starfi skólans.

Við matið er *gæðagreinunum* gefin einkunn, á bilinu 1 - 6, en það er einmitt einn af grundvallarþáttum þeirra. Einkunnirnar eru nánar skilgreindar þannig:

Einkunn:

6	<i>Frábært</i>	- Frábært
5	<i>Mjög gott</i>	- Flest er í lagi hjá okkur
4	<i>Gott</i>	- Flest er gott, en ákveðnir þættir gætu orðið enn betri
3	<i>Viðunandi</i>	- Jafnmargir jákvæðir og neikvæðir þættir
2	<i>Veikt</i>	- Mikilvægir veikleikar eru til staðar
1	<i>Ófullnægjandi</i>	- Afar slakur þáttur

Vinnuferlið er tvenns konar:

1. Skimun

Annað hvert ár eru allir *gæðagreinarnir* skimaðir, og hverjum þeirra gefin einkunn, byggð á fagmannlegum grunni. Þá fást strax vísbendingar um sterka þætti, eða þá sem þarf að gefa nánari gaum.

2. Nánari skoðun

Auk **skimunarinnar** er gefinn nánari gaumur að tilteknum þáttum:

- þeim, sem ekki falla undir skimunina.
- þeim, sem komið hefur í ljós að þarf að athuga betur.

Hvað gerum við næst?

Byggt er á svörum við spurningunum „*hvernig stöndum við okkur?*” og „*hvernig vitum við það?*” til að skapa vísi að sjálfsmatsskýrslu. Til að styrkja hana eru notaðar einkunnirnar sex.

Stefnt er að því að komast yfir alla **lykilþættina** á þremur önnum.

Sú staða getur vel komið upp að fyrir sum atriði sé „**ekkert í bili**” svarið við spurningunni „**hvað gerum við næst?**” Þótt frammistaðan varðandi viðkomandi þátt sé e.t.v. ekki fullkomin, getur hún verið vel viðunandi og meira getur riðið á að snúa sér að öðru.

Þegar verið er að ákveða **hvað skuli gera næst**, verður forgangsraðað og síðan verða atriðin skoðuð með tilliti til markmiða skólans.

Reikna má með að *sjálfsmatsskýrsla* verði sjálfsagt og mikilvægt verkfæri við gerð þróunaráætlana

Hvernig á að vinna matið?

Stefnt er að því eins og áður segir að skoða alla lykilþætti skólans á þremur árum. Notast verður við skimun, kannanir og fleira sem getur leitt í ljós kosti og galla skólastarfsins. Í upphafi verður notast við skimun þar sem flestir lykilþættir starfsins verða skoðaðir af kennurum skólans og síðan verða styrkleikar og veikleikar metnir með tilliti til þessarar skimunar. Eftir að búið er að gera sér grein fyrir því sem kemur illa út hvort sem er við skimun eða með öðrum hætti eins og viðtölum og könnunum verður unnið að aðgerðaáætlun. Aðgerðaáætlun byggir á því að reyna að komast að meininu og lagfæra það. Við lok aðgerðaáætlunar verður viðkomandi atriði skoðað aftur og athugað hvort eitthvað hafi áunnist.